

Tillaga um bætta úrgangsflokkun í almannarými og stofnunum borgarinnar

Lagt er til að ganga lengra í úrgangsflokkun í almannarými og skoða tækifæri til að gera betur hvað flokkun varðar í stofnunum borgarinnar. Greindar verði bestu leiðir til flokkunar í almannarými í takt við kröfur, sem verði nýtt til grundvallar ákvarðanna um hvernig flokkun úrgangs úr stömpum í borgarlandinu verði háttáð til framtíðar. Sömuleiðis verði skoðuð tækifæri í nýjum hringrásarlögum um framleiðendaábyrgð þegar kemur að kostnaði við hirðu á almannafæri. Að sama skapi verði farið yfir árangur í flokkun innan stofnanna og hvernig hægt er að gera enn betur þar. Litið verði til reynslu liðinna ára og tilraunir í þessu samhengi um stærðir íláta og notkun skynjara.

Greinargerð:

Í meirihlutasáttmála Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar stendur: „Við ætlum að ganga lengra í úrgangsflokkun í almannarými og í stjórnsýslubýggingum.“ Ný lög um meðhöndlun úrgangs leggur ríkari skyldur á herðar sveitarfélaga þegar kemur að kröfu til flokkunar. Búið er að innleiða samræmt flokkunarkerfi á höfuðborgarsvæðinu sem gekk vel. Enn eru tækifæri til að gera betur hvað varðar flokkun í almannarými og innan stofnanna borgarinnar. Víða er flokkað en ekki allsstaðar, og sumsstaðar þarf að uppfæra kerfið í takt við samræmda flokkunarkerfið.